

Upplýsingaöryggisstefna Veritas

Veritas ehf. er móðurfélag fyrirtækja í lyfja- og heilbrigðisgeiranum. Félagið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjana svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni.

Veritas fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu sem tekur mið af kröfum samkvæmt *ISO/IEC 27001 Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi*.

Tilgangur

Upplýsingaöryggisstefna Veritas styður við samfelldan rekstur og er ætlað að tryggja hlítinu við lög og reglur sem varða starfsemina og varða öryggi rekstrar upplýsingakerfa, vernd og vinnslu upplýsinga.

Markmið

Veritas veitir viðskiptavinum sínum örugga og trausta þjónustu með því að:

- Kappkosta að mikilvæg upplýsingaverðmæti sé ávallt aðgengileg fyrir viðskiptavinum
- Hámarka öryggi og réttleika upplýsingaverðmæta í eigu og/eða vörslu fyrirtækisins
- Búa starfsfólki og viðskiptavinum öruggt umhverfi og stuðla að aukinni vitund um upplýsingaöryggi
- Tryggja hlítinu við lög og reglur er varða meðhöndlun upplýsingaverðmæta. Tryggja hlítinu við samninga sem fyrirtækið hefur gert við viðskiptavinum (Service Level Agreement)

Umfang

Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi nær til starfsmanna, starfsstöðva, þjónustu og upplýsingaverðmæta sem Veritas á og hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni.

Til að ná þessu markmiði starfrækir fyrirtækið ISO 27001 stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi. Umfang stjórnunarkerfisins er höfuðstöðvar fyrirtækisins.

Framkvæmd og ábyrgð

Forstjóri sér til þess að upplýsingaöryggisstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið og reglur og tryggja viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja þeim. Forstjóri getur falið stjórnendum eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum.

Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur á stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi.

Allir lögaðilar sem starfa fyrir fyrirtækið eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, glötun eða flutningi.

Aðilar sem brjóta gegn upplýsingaöryggisstefnu Veritas eiga yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum allt eftir eðli og umfangi brots.

